


REIÐVEGUR 2



Stærð: 1.126 m²

Lóð undir hesthús. Heimilt er að byggja allt að 180 m² hesthús. Leyfilegt er að skipta hesthúsinu niður í tvö hesthús.

Utanhúss litaval hesthúsa skal vera samræmt.

Gólfkóti: verður ákveðið með gatnagerðinni en að lágmarki 4,7 m.y.s í ÍSN93

Hús skulu byggð á steypum grunni með steyptri botnplötu.

Hámarks vegg hæð er 3,2 m og hámarkshæð í mæni er 5,5 m frá gólfkóta.

Heimilt er að nýta rými í risi fyrir kaffistofu.

Ef loft er hallandi er lágmarks lofthæð 2,30m við kverk, en annars 2,5m.

Við hvert hesthús skal vera hestagerði girt hestheldri girðingu úr viðurkenndum efnum sem eru nægjanlega sterk til að halda hestum innan girðingar. Stærð gerða er um 590 m² og yfirborðsefni þeirra skal vera malarefni sem drenast vel og hafa nægjanlegum vatnshalla. Hestagerði skulu vera í samræmi við drög að mannvirkjahandbók sem gefin er út af LHÍ sem og reglugerð um aðbúnað, umhirðu og heilbrigðiseftirlit hrossa nr. 160/2006. Frágangur lóða og lóðarmarka er háður samþykki skipulags- og umhverfisráðs og skal staðsetning hestagerðis taka mið af því.

Önnur mannvirki en hestagerði er óheimilt að reisa á lóð utan byggingarreits, nema þá spónageymslu. Gera skal grein fyrir staðsetning og efnisnotkun á spónageymslu á byggingarnefndarteikningum.

Hauggeymsla (taðpró) skal vera við hvert hesthús sem þarf að vera í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.